

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum

Starfsleyfisskilyrði fyrir efnistöku

(Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengnandi starfsemi sbr. auglýsingu nr. 582/2000 gilda einnig um starfsemina)

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir vinnslu jarðefna þ.m.t. efnistöku í malar-, vikur-, grjót- og sandnámum. Skilyrðin taka einnig til hörpun og grófvinnslu efnis.
- 1.2 Skilyrði þessi mynda grunn að starfsleyfi. Heilbrigðisnefnd setur frekari kröfur í starfsleyfið ef aðstæður krefja.
- 1.3 Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.4 Starfsleyfishafi skal tilnefna sérstakan ábyrgðarmann fyrir umhverfismálum gagnvart heilbrigðiseftirliti.
- 1.5 Starfsleyfishafi hefur eigið eftirlit og skráningu þar sem kemur m.a.:
 - Fjöldi efnistökuastaða þar sem starfsemi hefur farið fram og staðsetning þeirra.
 - Yfirlit yfir tæki, vörubíla, olíutanka og þungavinnuvélar til námavinnslu.
 - Atvik er varða mengunarvarnir fyrirtækisins s.s. rekstur og viðhald á mengunarvarnabúnaði, bilanir, mengunaróhöpp og kvartanir m.t.t. umhverfismála.
 - Notkun, flutning og förgun spilliefna, sbr. reglugerð um spilliefni nr. 806/1999. Heilbrigðisfulltrúar skulu hafa aðgang að ofangreindum skráningum.

2. Mengunarvarnir og búnaður

- 2.1 Við efnistöku og frágang skal fylgja leiðbeiningunum: Námur – efnistaka og frágangur, sem umhverfisstofnun hefur gefið út árið 2002.
- 2.2 Verktakar skulu ekki geyma olíubyrgðir á efnistökusvæðum eftir að vinnslu er lokið.
- 2.3 Eingöngu brýnustu viðgerðir til að forða tjóni eða umhverfismengun mega fara fram á svæðinu. Tæki skulu að jafnaði flutt af efnistökusvæðinu til viðgerða.
- 2.4 Gæta skal ítrustu varúðar við meðferð olíu og við olíuáfyllingar. Ísogsbúnað eða ísogsefni skal hafa til taks og nota ef spilliefni leka niður. Verði vart olíuleka skulu starfsmenn bregðast við án tafar. Tilkynna skal til heilbrigðiseftirliti ef mengunaróhöpp.
- 2.5 Fari niður meiri olía en svo að starfsmenn ráða við að fjarlægja skal gera slökkviliði viðvart um neyðarsíma 112.
- 2.6 Mengist jarðvegur vegna starfseminnar er verktakinn ábyrgur fyrir því að jarðvegurinn sé fjarlægður og meðhöndlaður í samræmi við leiðbeiningar Hollustuverndar ríkisins nr. 8 frá 1998 um *Meðferð á olíumenguðum jarðvegi*.
- 2.7 Allan úrgang sem fellur til við starfsemina skal flytja jafnharðan af efnistökusvæðinu. Öll brennsla og urðun úrgangs er óheimil.
- 2.8 Fjarlægja skal jafnóðum allann búnað og hluti sem kunna að berast inn á svæðið og eru óviðkomandi rekstrinum.
- 2.9 Þungavinnutæki skulu ávallt hafa gild skoðunarskírteini.
- 2.10 Tæki skulu ekki geymd á efnistökusvæðinu utan vinnslutíma.
- 2.11 Fylgja skal fyrirmælum heilbrigðiseftirlits við frágang svæðis.